



Lúxemborg, 23 janúar 2012

FRÉTTATILKYNNING 1/2012

Dómur í máli E-2/11 *STX Norway Offshore AS o.fl. gegn Staten v/Tariffnemnda*

EFTA-DÓMSTÓLLINN KVEÐUR UPP DÓM VARÐANDI STARFSKJÖR STARFSMANNA SEM SENDIR ERU TIL ANNARS EEA-RÍKIS

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar sem honum bárust frá Borgarting lagmannsrett (Áfrýjunardómstól Borgarting) um túlkun tilskipunar 96/71/EB um störf útsendra starfsmanna í tengslum við veitingu þjónustu.

Norsk lög tryggja starfsmönnum í skipasmíðaiðnaði, sem sendir eru til yfirráðasvæðis þess frá öðru EES-ríki, ákveðna ráðningarskilmála og atvinnuskilyrði með kjarasamningum á landsvísu sem veitt hefur verið almennt gildi. Meðal þessara skilmála eru hámarksvinnutími, viðbótargreiðsla ofan á grunntímakaup þegar starfsmanni eru falin verkefni þar sem nauðsynlegt er að gista fjarri heimili, og greiðsla vegna kostnaðar við ferðalög, uppihald og gistingu þegar um er að ræða slík verkefni. Áfrýjunardómstóll Borgarting hefur spurt EFTA-dómstóllinn hvort þessir ráðningarskilmálar og atvinnuskilyrði fullnægi kröfum tilskipunarinnar.

Í dómi sem kveðinn var upp í dag benti EFTA-dómstóllinn í fyrsta lagi á það að ekki mætti kveða á um réttindi útsendra starfsmanna umfram þá skyldubundnu lágmarksvernd sem kveðið er á um í tilskipuninni.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að þau skilyrði og þeir skilmálar sem um ræðir, varðandi hámarksvinnutíma, falli undir hugtakið „skyldubundin lágmarksvernd“ í skilningi tilskipunarinnar. Dómstóllinn taldi einnig að ákvæði norskra laga um þóknun sem greidd væri fyrir vinnu utan venjulegs vinnutíma væru samþýðanleg tilskipuninni að því gefnu að þau falli undir hugtakið „lágmarkslaun“.

Hins vegar taldi dómstóllinn að réttur útsendra starfsmanna til viðbótargreiðslu ofan á grunntímakaup þegar þeim væru falin verkefni þar sem nauðsynlegt er að gista fjarri heimili, væri til þess fallin að gera fyrirtækjum með staðfestu í öðru EES-ríki erfiðara fyrir að veita þjónustu í Noregi og þar með hamla frjálsum þjónustuviðskiptum.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkar ráðstafanir gætu einungis talist réttlætanlegar ef þær byggðust á lögmætum sjónarmiðum sem rökstuddar væru með vísun til mikilvægra þjóðfélagsþarfa. Loks er nauðsynlegt skilyrði lögmætis það að reglurnar séu þannig úr garði gerðar að tryggt sé að markmiðin náist og þær gangi ekki lengra en nauðsyn krefur. Það kemur í hlut dómstóls landsréttar að meta, á hlutlægan hátt, hvort fyrrgreindum skilyrðum sé fullnægt.

Að því er varðar greiðslu vegna kostnaðar við ferðalög, uppihald og gistingu taldi dómstóllinn að slíkar greiðslur gætu ekki fallið undir launahugtak 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar. EES-ríki væri því ekki heimilt að kveða á um slíka skilmála nema því aðeins að sýnt væri fram á að þeir væru nauðsynlegir til að mæta raunverulegri og alvarlegri ógn við grundvallarhagsmuni samfélagsins.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int.

Fréttatilkygning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.